

Sjálfsmatsskýrsla 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Innra mat Öxarfjarðarskóla	2
Langtímaáætlun	3
Matsáætlun skólaársins	4
Niðurstöður innra mats	5
Skólaprófill.....	5
1 Stjórnun og fagleg forysta.....	6
2 Nám og kennsla.....	9
3 Innra mat	11
Áherslur skólans	12
Umbótaáætlun.....	13
Yfirlit yfir áætlanir	13

Inngangur

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í faglegu skólastarfi og stuðlar að gæðum, þróun og velferð skólasamfélagsins. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir innra mati í Öxarfjarðarskóla skólaárið 2025-2026. Helstu niðurstöður eru kynntar með áherslu á styrkleika og þá þætti sem þarfnast úrbóta. Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf gæðaviðmiða sveitarfélagsins og er þeim gögnum sem fylgja þessari skýrslu ætlað að gefa mynd af því hvernig staðan er í Öxarfjarðarskóla. Umbótaþættir eru síðan unnir áfram í umbótaáætlun skólans. Sem stendur falla allir þeir þættir sem metnir eru gulir (C) eða rauðir (D), þ.e. ábótavant eða óviðunandi, til umbótaþátta fyrir næsta skólaár. Farið var í að vinna að umbótum skv. áætlun fyrir þetta skólaár og gæðalistar endurskoðaðir. Skólaþjónusta Norðurbings var fengin til samstarfs við umbætur varðandi formgerðan þrepaskiptan stuðning við skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólanum. Einnig að formgera skriflegt verklag hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur og framfarir nemenda. Leiðsagnarmat og leiðsagnarnám verður megin viðfangsefnið í starfsþróun sem og umbótum næstu 3 skólaár.

Innra mat Öxarfjarðarskóla

Innra mat skólans er markvisst og reglubundið ferli sem byggir á fjölbreyttum gögnum, svo sem námsmati, könnunum, innliti í kennslu og mati stjórnenda og annars starfsfólks. Niðurstöður innra mats eru nýttar til að styðja við faglegt samtal, ákvarðanatöku og áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Það er metnaðarmál í Öxarfjarðarskóla að allir þættir mats á leik- og grunnskólastigi taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans byggja á gæðaviðmiðum menntamálayfirvalda um gæða skólastarf. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og til umfjöllunar í öllu starfi skólans.

Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðslufirvöld eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Innra mats teymið skipa: Christoph Wöll, umsjónarkennari, Lára Björk Sigurðardóttir, umsjónarkennari og Hrund Ásgeirsdóttir, skólastjóri.

Á fundum eru þættir gæðaviðmiða grunnskóla teknir fyrir og rýnt er í fyrirbyggjandi gögn, niðurstöður eru ræddar og komist er að sameiginlegri niðurstöðu um mat þáttarins. Niðurstöður sem teljast mjög góðar eða framúrskarandi eru skilgreindar sem styrkleikar í starfi skólans. Þeir þættir sem metnir eru ábótavant eða óviðunandi eru teknir sérstaklega fyrir í umbótaáætlun og unnið markvisst að úrbótum. Sumir kaflar gæðaviðmiðanna eru metnir eingöngu af innra mats teymi skólans en annað er lagt fyrir aðra, eftir því sem við á.

Starfsáætlun innra mats teymisins um reglubundna fundi á 3-4 vikna fresti stóðst ekki, þannig að skólastjóri tók þá vinnu sem út af stóð og ársáætlunin gerði ráð fyrir.

Á skólaárinu 2024-2025 hóf skólinn að nýta [BRAVOLesson](#) til þess að halda utan um innra mat skólans. Á því ári fór talsverður tími í að setja kerfið upp og læra inn á það. Það er mat okkar að það hafi nýst vel og hefur einfaldað skipulag og framkvæmd innra matsins. Framsetning á gæðaviðmiðum Norðurlings og umbótaáætlunin er fengin beint úr kerfinu.

Langtímaáætlun

Langtímaáætlun skólans er hluti af innra mati og umbótastarfi hans. Hún byggir á niðurstöðum sjálfsmats og sameiginlegri faglegri ígrundun starfsfólks. Markmið hennar er að styðja við markvissa þróun skólastarfs og tryggja samræmi við stefnu skólans og Aðalnámskrá grunnskóla. Hana má finna hér: [Langtímaáætlun innra mats 2024-2029](#)

Matsáætlun skólaársins

Í matsáætlun er gerð grein fyrir skipulagi innra mats, þar sem fram kemur hvað er metið, með hvaða hætti, af hverjum og hver viðmiðin um árangur eru. Áætlunin er endurskoðuð reglulega yfir skólaárið í takt við markmið og þarfir skólans. Áætlunina má finna hér: [Matsáætlun 2025-2026](#)

Niðurstöður innra mats

Í þessum kafla eru settar fram helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2025-2026, byggðar á greiningu gagna þar sem jafnframt er dregið saman hvað telst til styrkleika og hvaða þættir kalla á umbætur.

Skólaprófíll

Heildarniðurstaða innra mats / Skólaprófíl má sjá á myndinni hér að neðan. Fjallað er svo sérstaklega um þá þætti sem teknir voru fyrir í undirköflunum á eftir.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Velferð og líðan nemenda		

* Framúrskarandi

A - Mjög gott

B - Gott

C - Ábótavant

D - Óviðunandi

1 Stjórnun og fagleg forysta

Gæðaviðmið Norðurþings – [Stjórnun og fagleg forysta](#)

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

* Framúrskarandi **A - Mjög gott** B - Gott C - Ábótavant D - Óviðunandi

Hér að ofan má sjá heildarniðurstöður á þættinum um *Stjórnun og faglega forystu*. Þá er verlag mjög gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Á skólaárinu voru teknir fyrir þættirnir: *Samvirkni í stefnumótun; tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu; Velferð og líðan nemenda; Starfsmannastjórnun og verkaskipting*. Hér verður farið yfir gagnaöflun, styrkleika og tækifæri til umbóta.

Gagnaöflun:

- Í fyrsta skipti var notast við *Skólapúlsinn* fyrir nemendur og foreldra.
- Starfsmannsamtlö voru tvö á vorönn þar sem skólastjóri býður til stutts samtals 10-20 mínútur í hvert sinn um fyrirfram ákveðið umræðuefni; líðan í starfi, árangur, markmið og væntingar.

- Skólastjóri var með innlit í kennslustundir á vorönn og gaf endurgjöf að innliti loknu.
- Að hausti er haldinn foreldrafundur um komandi skólaár þar sem foreldrum er kynnt starfsáætlun ársins.
- Að vori boðar skólastjóri bæði skólaráð og stjórn foreldrafélags til upplýsingafundar varðandi helstu niðurstöður úr könnunum ársins, s.s. *Skólapúlси og Lesfimi*. Auk þess eru áskoranir og annað sem viðkemur skólastarfinu rætt.
- Starfsáætlun 2025-2026

Styrkleikar:

- *Skólapúlсinn nemendur 2. - 5.bekkja*: Vellíðan í skólanum mælist um og yfir landsmeðaltali og er marktækt meiri. Ánægja með matinn er 100% þannig að mismunurinn er 12% - 28,5% meiri ánægja en á landsvísu.
- *Skólapúlсinn nemendur 6. - 10.bekkja*: Þeir þættir sem meta líðan og heilsu nemenda mælast um og yfir meðaltali þegar kemur að vellíðan, sjálfsáliti og stjórn á eigin lífi. Þá eru nemendur yfir höfuð mjög ánægðir með matinn í skólanum eða 48% meiri ánægja en á landsvísu. Skóla- og bekkjarandi þar sem matsþættirnir eru: samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, virkni í tímum og tíðni leiðsagnarmats, koma allir sterkt út fyrir skólann er munurinn marktækt jákvæðari en á landsvísu.
- *Skólapúlсinn foreldrar*: Almenn ánægja er meðal foreldra með hvernig skólinn mætir þörfum nemenda eða 93,5% og 91% telja að börnum þeirra líði vel í skólanum sem og frímínútum. Ánægja mælist mikil með matinn í mötuneytinu eða rúm 93%. Þá eru einnig 94% foreldra ánægðir með heimasíðu skólans. Ánægja með stjórn skólans mælist 97%
- *Samtöl við starfsfólk*: Starfsfólki líður almennt vel í starfi og telur sig hafa þann stuðning sem það þarfnast.
- *Innlit í kennslustundir*: Mikil fagmennska ríkir meðal kennara og þar mælast langflestir þættir til fyrirmyndar eða grænir.
- Jákvæðar fréttir úr skólastarfinu birtar mjög reglulega á heimasíðu skólans (og Facebook síðu) sem miðlar upplýsingum um daglegt og fjölbreytt starf, umhverfi skólans og nálægð við þjóðgarðinn. Vikupóstar eru sendir heim á föstudögum í öllum deildum þar sem farið er

yfir það sem unnið var og einnig það sem er framundan. Dagleg samskipti við heimilin með samskiptabókum í tengslum við lestur og heimanámsskjöl í tölvum. Stórir árlegir viðburðir, s.s. Árshátíð, Þorrablót og Vogleði þar sem foreldrar taka þátt. Einnig taka foreldrar þátt í fjáröflun fyrir nemendasjóð eins og t.d. dósatalningu.

- Skólinn á í mjög góðu samstarfi við foreldra og nærsamfélag barnanna um að efla velferð þeirra og skapa samfellu milli skóla, tónlistar, íþróttar og tómstunda. Skólinn á t.a.m. í samstarfi við Íþróttafélagið Þingeying um íþróttæfingar innan skólatímans og Tónlistarskóli Húsavíkur sér um tónlistarkennslu vikulega á skólatíma. Einnig er gott samstarf við Þjóðgarðinn, þar sem nemendur fara árlega og fá fræðslu. Þá er vel tekið á móti nemendum í starfsþjálfun að vori hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og bændum á svæðinu.
- Starfsáætlun 2025-26 stóðst. Aðeins varð breyting á nemendafjölda þar sem nemendur frá Grunnskóla Raufarhafnar hófu nám við Öxarfjarðarskóla á haustönn, alls fjórir þannig að nemendafjöldi var 39.

Tækifæri til umbóta:

- Skólapúlsinn mælir vísbendingu um einelti og að eineltisáætlun skólans sé ekki nógu góð. Endurbæta þarf verklag og endurskoða áætlun gegn einelti ásamt því að gera tilkynningu um einelti aðgengilegri á heimasíðu með því að setja þar hnapp.
- Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra er 87% sem er lægra en gerist á landsvísu en það skarast hins vegar á við niðurstöður nemendakannana sem sýna betri líðan.
- Minni ánægja er meðal foreldra Öxarfjarðarskóla með aðstöðu í skólanum en gerist á landsvísu en þar birtist óánægjan helst í aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum/útiveru, möguleikum á tómstundaiðkun að loknum skóladegi og aðstöðu fyrir list og verkgreinar.
- Of þröngt er um list- og verkgreinakennslu.

2 Nám og kennsla

Gæðaviðmið Norðurlings – [Nám og kennsla](#)

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms og námsumhverfi
Árangur náms	Námsvitund
Kennsluhættir og gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka
Velferð og líðan nemenda	

* Framúrskarandi	A - Mjög gott	B - Gott	C - Ábótavant	D - Óviðunandi
------------------	---------------	----------	---------------	----------------

Hér að ofan má sjá heildarniðurstöður á þættinum um *Nám og kennsla*. Þá er verklag mjög gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Á skólaárinu voru teknir fyrir þættirnir: *Árangur náms*; *Skipulag náms*; *Námsvitund*; *Ábyrgð og þátttaka*. Hér verður farið yfir gagnaöflun, styrkleika og tækifæri til umbóta.

Gagnaöflun:

- *Skólapúlsinn, Lesferill, Matsferill* (lesskilningur og stærðfræði), *framvinduskráningar* kennara og mat lagt á *gæðalista gæðaviðmiða sveitarfélagsins*.
- *Mat á leiðsagnarnámi* kennara í samstarfi við MSHA
- *Innlit skólustjóra* í kennslustundir hjá kennurum á vorönn þar sem þessi listi var lagður til grundvallar: [Innlit í kennslustundir vor 26.](#)

Styrkleikar:

- *Skólapúlsinn - nemendur 2. - 5.bekkja:* Ánægja af lestri er marktækt meiri í Öxarfjarðarskóla en á landsvísu og sama má segja með vellíðan í skólanum. Ánægja með matinn er 100% þannig að ánægjan er 12% - 28,5% meiri en gerist á landsvísu.
- *Skólapúlsinn - nemendur 6. -10.bekkja:* Ánægja af lestri, stærðfræði og náttúrufræði er marktækt meiri en á landsvísu. Sama má segja um trú á eigin vinnubrögðum í námi og námsgetu.
- *Skólapúlsinn - foreldrar:* Foreldrar eru á pari við landið þegar kemur að ánægju með nám og kennslu í skólanum. Um 88% segja hæfilega þyngd námsefnis og er það hærra en á landsvísu og 76% telja agann hæfilegan. Þá mælist ánægja foreldra með mótuneytið og matinn 93% og þar með talsvert meiri en á landsvísu
- *Lesferill:* Öxarfjarðarskóli mælist um og yfir meðaltali í nánast öllum árgöngum.
- *Matsferill:* Allir nemendur frá 4. og upp í 10.bekk eða alls 25 tóku nýju lesskilnings- og stærðfræðiprófin. Nemendur náðu góðum árangri þar sem 14 af 25 eða 56% eru yfir meðaltali í stærðfræði og 9 í lesskilningi eða 36% en nánast allir eru í meðaltali í stærðfræði og lesskilningi. Sérstaklega er góður árangur í stærðfræðinni enda er áhuginn mikill og tóku 9 nemendur frá skólanum þátt í *Pangea* stærðfræðikeppninni en fjórir komust áfram. Góð þátttaka Öxarfjarðarskóla undanfarin ár hefur einmitt vakið athygli en hlutfallstíðni þátttöku Öxarfjarðarskóla í *Pangea* er 44% á móti 2% á landsvísu.
- *Leiðsagnarnám:* Nú er fyrsta árinu lokið í samstarfi skólans og MSHA í leiðsagnarnámi/leiðsagnarmati. Það kemur glögg fram í kennslustundum að verkfæri leiðsagnarnáms eru notuð; námsfélagar, námsveggir, leiðsagnarsamtöl/endurgjöf og námskraftar.

Tækifæri til umbóta:

- Tengja Heimsmarkmið SP og Barnasáttmála SP við alla námsvísa frá og með næsta hausti.
- Uppfæra þarf skólanámskrá m.t.t nýendurgerðrar Menntastefnu Norðurlands til 2031

- Jafningjamat kennara
- Deildarnámskrár

3 Innra mat

Gæðaviðmið Norðurlings – [Innra mat](#)

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

* Framúrskarandi	A - Mjög gott	B - Gott	C - Ábótavant	D - Óviðunandi
------------------	---------------	----------	---------------	----------------

Hér að ofan má sjá heildarniðurstöður á þættinum um *Innra mat*. Þá er verklag mjög gott og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Á skólaárinu var þátturinn *Framkvæmd* tekinn fyrir. Hér verður farið yfir gagnaöflun, styrkleika og tækifæri til umbóta.

Gagnaöflun:

- Matsáætlun 2025-2026
- Yfirferð á gæðaviðmiðum
- Teymisfundir/ kennarafundir
- Viðtöl við kennara
- Innlit í kennslustundir
- Fundir með skólaráði

Styrkleikar:

- Rýnt er í niðurstöður gagna til umbóta og ígrundun kennara fer fram í teyrum og með skólastjóra
- Starfsþróunarsamtöl eiga sér stað oft en einu sinni á skólaári
- Markviss innlit skólastjóra í kennslustundir
- Virkt samtal við skólaráð og stjórn foreldrafélags

Tækifæri til umbóta:

- Virkja innra matsteymið betur og gefa meðlimum meira svigrúm til að starfa í teyminu

Áherslur skólans

Í þessum kafla er fjallað um áherslupætti í skólastarfi Öxarfjarðarskóla sem stuðla að jákvæðum skólabrag, samheldni og fjölbreyttum tækifærum til náms og þátttöku fyrir nemendur og starfsfólk.

Árvissir viðburðir: Viðburðirnir eru fastur liður í skólastarfinu og endurspegla áherslur skólans. Framkvæmd þeirra gekk almennt mjög vel á skólaárinu og stuðluðu þeir að jákvæðum skólabrag, samheldni og fjölbreyttum tækifærum nemenda til þátttöku. Í fyrsta skipti tók skólinn þátt í *Skólahreysti* og gekk vel. Þátttaka í *Pangea* stærðfræðikeppninni er orðinn fastur liður á unglingastigi en skólinn hefur tekið þátt síðastliðin ár með góðum árangri. Þorablót og Vorgleði gengu mjög vel en breytinga er þörf fyrir næsta ár þar sem viðburðirnir þykja of viðamiklir í viðbót við skólastarfið. Að öðru leyti gengu árvissir viðburðir samkvæmt áætlun og tókust vel.

Þróunarverkefni: Skólinn hóf innleiðingu leiðsagnarnáms undir handleiðslu *Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri* (MSHA) haustið 2025. Markmið verkefnisins er að styrkja námsmat til náms, efla þátttöku nemenda í eigin námi og þróa kennsluhætti sem styðja við markvissari

endurgjöf og skýrari námsmarkmið. Verkefnið sem er til þriggja ára hefur haft jákvæð áhrif á faglegt starf skólans og stuðlað að aukinni samvinnu og faglegri þróun starfsfólks auk þess sem mikill áhugi og ánægja er með verkefnið. Skólaárið 2024-2025 hófust kennarar handa við að lesa um leiðsagnarmat og nýta verkfærin þannig að efnið var ekki alveg ókunnugt þegar formleg innleiðing með handleiðslu hófst haustið 2025 í samstarfi við MSHA. Samantekt sjálfsmats kennara á virkni leiðsagnarnáms fyrir haust og vorönn má sjá [hér](#).

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun má finna [hér](#).

Yfirlit yfir áætlanir

Hér fyrir neðan er tafla sem segir til um hvenær áætlanir og stefnur eru endurskoðaðar og uppfærðar.

	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólanámskrá	X	X	X	X
Starfsáætlun	X	X	X	X
Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur	X			X
Starfsþróunaráætlun	X	X	X	X
Eineltisáætlun	X			
Forvarnaáætlun	X			X
Öryggis- og viðbragðsáætlun		X		
Rýmingaráætlun	X	X	X	X
Jafnréttisáætlun		X		
Sjálfsmatsskýrsla	X	X	X	X